

Efnahags- og viðskiptanefnd
Nefndasvið skrifstofu Alþingis
Austurstræti 8-10
150 Reykjavík


4. desember 2023

Efni: Umsögn BHM um breytingu á ýmsum lögum um skatta og gjöld o.fl. (gistináttaskattur, áfengisgjald o.fl.).

Umsögn BHM varðar þann þátt frumvarpsins er lýtur að álagningu gistináttaskatts af hverri seldri gistináttaeiningu og álagningu gistináttaskatts á rekstraraðila skemmtiferðaskipa. Mælir bandalagið með að sú breyting nái fram að ganga. Að mati bandlagsins eykur skattheimtan jafnræði í skattlagningu atvinnugreina. Ólíklegt er að skatturinn vegi að samkeppnishæfni íslenskrar ferðaþjónustu. Um þetta er fjallað að neðan.

Aukið jafnræði í skattlagningu atvinnugreina

Um 94% af veltu í rekstri gististaða er í lægra þrepi virðisaukaskatts (11% virðisaukaskattur) og um 48% af veltu í greinum ferðaþjónustu í heild sinni. Til samanburðar er aðeins 10% af atvinnugreinum iðnaðarins í lægra virðisaukaskattsþrepi og 20% af veltu viðskiptahagkerfisins í heild sinni.



Heimild: Hagstofa Íslands.

Álagning gistináttaskatts mun auka jafnræði í skattlagningu atvinnugreina og færa heildarskattlagningu í greininni nær því sem tíðkast á öðrum Norðurlöndum en virðisaukaskattur á gistingu á öðrum Norðurlöndum er hærri að meðaltali.



Heimild: HOTREC.

Ólíklegt er að skatturinn muni vega að samkeppnishæfni greinarinnar í samanburði samkeppnislönd t.a.m. Noreg og áhrif skattsins á verðlagningu, umsvif og eftirspurn verða að öllum líkindum lítil.

Taka þarf á heimagistingu og virðisaukaskattskyldu hópbifreiða


Bandalagið tekur undir gagnrýni Samtaka ferðaþjónustunnar á það ójafnræði sem ríkir í skattlagningu mismunandi seljenda gistingar á Íslandi m.a. hótela og heimagistingar. Gróflega má áætla að 16% gistinátta útlendinga á Íslandi séu óskráðar gegnum vefsíður samkvæmt tölum Hagstofu. Þessar gistinættur eru ekki skattlagðar með sama hætti og hótél og gistiheimili. Leiðréttu þarf þessa stöðu og tryggja einnig að unnin verði bragarbót á virðisaukaskattskyldu rekstraraðila hópbifreiða í blandaðri starfsemi.



Heimild: Hagstofa Íslands.

Sértækir skattar réttlætanlegir við þessar aðstæður en þörf á stefnumótun til framtíðar


Þó BHM lýsi yfir stuðningi við álagningu gistináttaskatts er bandalagið almennt mótfallið aukinni skattheimtu og sértækri skattheimtu sem er til þess fallin að auka flækjustig í skattkerfinu. Þörf er á einföldun og skýrri forgangsröðun fjármuna til framtíðar en varla verður lengra komist í skattheimtu heilt yfir. Nær önnur hver króna sem íslenska hagkerfið skapar er greidd í skatta eða í lífeyrissjóði sem er með því mesta sem gengur og gerist í alþjóðlegum samanburði. Um 2/3 álagðra gjalda eru borin af þriðjungi þjóðarinnar en í þeim hópi eru nær allir háskólamenntaðir á Íslandi.



Heimild: OECD og staðtölur skatta.

Í ljósi jafnræðis milli atvinnugreina og þeirrar stöðu sem uppi er í hagkerfinu og þjóðfélaginu er álagning gistináttaskatts réttlætanleg aðgerð. Bandalagið hefði þó talið

réttara að hækka virðisaukaskatt á ferðaþjónustu í stað sértækrar skattlagningar. Er það í samræmi við ábendingar í nýrri skýrslu OECD um íslenskt efnahagslíf þar sem m.a. er fjallað um vægi ferðaþjónustunnar. Kemur þar fram að fjöldi ferðamanna á hvern íbúa sé sá langhæsti í OECD samanburðinum. Hlutfallslegur fjöldi starfandi í ferðaþjónustu sé einnig sá mesti hér í OECD samanburðinum, að Möltu undanskilinni. OECD mælir með að afnema skattaundanþágur ferðaþjónustu og færa hana í almenna virðisaukaskattsprepið, með það fyrir augum að tempra eftirspurn og stemma stigu við verðbólgu og framleiðsluspennu.




Heimild: OECD.

Bandalagið bindur vonir við stefnumörkun stjórnvalda um framtíðarumhverfi ferðaþjónustunnar. Margir möguleikar eru fyrir hendi sem hægt væri að útfæra í breiðri sátt við ferðaþjónustuna og samfélagið í heild sinni, t.a.m:

1. Staðbundin gjaldtaka á helstu ferðamannastöðum, með því skilyrði að tekjum sé veitt til uppbyggingar á nærsvæðum.
2. Skattalegar ívilnanir til að styrkja ferðaþjónustu á strjálbýlum svæðum.
3. Hömlur á byggingamagn fyrir gistirými og veitingastaði í þéttbýli og auknar kröfur til þjónustugæða.
4. Hömlur á erlenda fjárfestingu svo tryggt sé að virðisauki verði eftir í landinu
5. Verulegar takmarkanir á heimagistingu til að auka jafnræði innan greinarinnar og tryggja húsnæðisöryggi almennings í landinu.

Heilbrigður hagvöxtur í ferðaþjónustu, sem byggir á því að greinin sé rétt verðlögð m.t.t. áhrifa á aðra geira atvinnulífsins, innviði, lífríki og umhverfi er allra hagur. Við kunnum aðferðirnar við hagkvæma auðlindastýringu. Nú þarf að beita þeim í ferðaþjónustunni. [Horfa ætti jafnvel til Noregs í þeim efnum.](#)

Fyrir hönd BHM



Vilhjálmur Hilmarsson
Hagfræðingur BHM



Kolbrún Halldórsdóttir
Formaður BHM